# Fundargerð

## Stjórnarfundur Þyts

Haldinn 27. maí 2020 með fjarfundarhugbúnaðinum zoom og hófst 19:15

**Fundinn sátu:** Árni Áskelsson (ÁÁ), Hulda Stefanía Hólm (HH), Jóhannes Bergþór Þórarinnsson (JÞ), Ólafur St. Arnarsson (ÓA) , Sigurður Ragnar Guðmundsson (SG)

**Dagskrá**

1. Fundargerðir síðustu funda bornar fram til samþykktar.

   Fundargerðir samþykktar.

2. Staðan á sumarnámskeiðunum

   Frestað til næsta fundar.

3. Innkaupalisti fyrir sumarnámskeiðin og klúbbstarfið

   Innkaupalisti að upphæð 103.299 krónur samþykktur. Á honum var m. a. handþurrkur, plastpokar, þvottaduft, viskastykki, tuskur, ræstivagn, skúringasveggfestingar, þvottakarfa, sótthreinsisprey, gólfhreinsiefni, stígvél og uppþvottalögur

4. Þrif/umgengni/tiltekt

   MP, ÁÁ, ÓA voru tilbúnir að koma taka að sér tækjasal og verkstæði. HH tilbúin að taka að sér rest.

5. Málun gangs, skrifstofu og kaffistofu.

   Reynt verður í samvinnu við bæjaryfirvöld að fá fagaðila til að mála.

6. Endurnýjun skrifstofu

   HH tekur þetta að sér.

7. Felix

   HH og MP eru að vinna skýrslu fyrir 2019. Skila þarf fyrir 1. júní

8. Gúmímottur í rampinn

   ÁÁ áætlar að um 200 þúsund krónur kosti að þekja rampinn gúmímottum. Slíkt mundi minnka slit á bátum. Ákveðið að skoða betur á næsta fundi.

9. Ábendingarformin

   Ekkert tilboð komið frá Terra. Enginn fundarmanna staddur í klúbbhúsi Þyts til að athuga hvort einhverjar ábendingar hafa borist.

10. Launamál og samningur við þjálfara

    Launakröfur þjálfara ekki samþykktar. HH heldur áfram að reyna að ná samkomulagi.

11. Önnur mál

# Fundargerð

## Stjórnarfundur Þyts

HH hafði fengið leyfi til að kaupa skjá til að auðvelda bókhaldsvinnu en nýtti sér það ekki. HH keypti gagnageymslu fyrir myndefni af myndavélum og gopro vélum.

ÓA hefur áhuga á að skoða hvort Þytur getur boðið upp á kænuæfingar fyrir fatlaða. Á sumarólympíleikum fatlaðra er keppt í þremur flokkum, 2.4 One Design (sóló kjölbátur af gerðinni Norlin Mark III) og SKUD 18 (tveggja manna kjölbátur) og sonar (þriggja manna kjölbátur). Vel var tekið í að kanna þetta nánar.

Næsti stjórnarfundur boðaður 10. júní klukkan 19:15

Fundi slitið klukkan 20:40